

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn þriðjudaginn 9. apríl 2019
og hófst kl. 16:00 á Háalofti

Mætt voru:

Pórður Sverrisson - stjórnarformaður Hörpu
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Guðni Tómasson
Ari Karlsson – staðgengill borgarlögmans
Stefán Eiríksson - borgaritari
Jón Gunnar Vilhelmsson – sérfræðingur fjármála- og efnahagsráðuneytið
Auður B. Árnadóttir - skrifstofustjóri mennta – og menningarmálaráðuneytið
Hallveig Rúnarsdóttir, FÍT
Þórey Vilhjálmisdóttir- ráðgjafi hjá Capacent
Steingrímur Sigurgeirsson – ráðgjafi hjá Capacent
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu
Martin Sörensen– starfsmaður Hörpu
Melkorka Ólafsdóttir– starfsmaður Hörpu
Thelma Sigurðardóttir– starfsmaður Hörpu
Elín Gränz – starfsmaður Hörpu
Rebekka Frimannsdóttir – starfsmaður Hörpu
Grímur Vilhjálmsson – starfsmaður Hörpu
Gústaf A. Hermannsson – starfsmaður Hörpu
Andri Guðmundsson – starfsmaður Hörpu
Ragnar Fjalar Sævarsson – starfsmaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ari Karlsson staðgengill borgarlögmans tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 26. mars með auglýsingu á heimasíðu Hörpu og með tölvupósti. Af hálfu hluthafa mætti Jón Gunnar Vilhelmsson með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Stefán Eiríksson með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Gengið er til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2018

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað, var borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár og að ekki yrði greiddur arður vegna rekstrarársins. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins og að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
2. Guðni Tómasson
3. Aðalheiður Magnúsdóttir
4. Arna Schram
5. Árni Geir Pálsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykpta fyrir félagið.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillagan var samþykkt.

11. Önnur mál

Stefán Eiríksson og Jón Gunnar Vilhelmsson kvöddu sér hljóðs og þökkuðu stjórn og forstjóra fyrir greinargóða kynningu og vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 17:10.


Ari Karlsson, fundarstjóri


Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari